

# Íslenska stærðfræðafélagið

## SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2015

Lögð fram á aðalfundi fimmtudaginn 12. maí 2016

### Aðalfundur og stjórn

Síðasti aðalfundur var haldinn 11. júní 2015. Óskar Hafnfjörð Auðunsson vék úr stjórn, en í hans stað var kosinn Bergsteinn Einarsson.

Í stjórn félagsins árið 2015 voru Jón Ingólfur Magnússon formaður, Bergsteinn Einarsson féhirðir, Ragnar Sigurðsson ritari, Bjarnheiður Kristinsdóttir og Sigurður Freyr Marinósson meðstjórnendur.

Ákveðið var að félagsgjöld héldust óbreytt 3000 kr en 1500 fyrir eldri borgara. Ólafur Ísleifsson var endurkjörinn skoðunarmaður reikninga og Kristín Halla Jónsdóttir til vara.

Á fundinum var samþykkt að átta nýir félagar gengju í félagið og eru félagar þess nú alls 270.

### Ráðstefnur

Félagið stóð fyrir ráðstefnu dagana 31. október og 1. nóvember undir yfirskriftinni *Stærðfræði á Íslandi*. Ráðstefnan var haldin á Hótel Heklu og voru þátttakendur alls 53. Dagskráin var fjölbreytt eins og sjá má í meðfylgjandi gögnum.

### Fundir á árinu

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 4 fundir:

Fundur 19. nóvember 2015.

Fyrirlesari: Hermann Þórisson

Efni: *Útdauði tegundanna*

Fundargestir: 22

Jólafundur 28. desember 2015.

Fyrirlesari: Gunnar Stefánsson

Efni: *Spjaldtölvur og rafmynt við nám í stærðfræði á Íslandi og í Kenýa*

Fundargestir: 40

Fundur 29. janúar 2016.

Fyrirlesari: Hersir Sigurgeirsson

Efni: *Vaxtaáhætta íslenskra verðtryggðra skuldabréfa*

Fundargestir: 22

Fundur 10. mars 2015.

Fyrirlesari: Bjarni V. Halldórsson

Efni: *Ákvörðun erfða litninga*

Fundargestir: 12

## Vefur félagsins og félagsmiðlar

Á vef félagsins [www.stae.is/isf](http://www.stae.is/isf) er að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi félagsins, svo sem fundi, ráðstefnur, útgáfustarfsemi, stærðfræðikeppnir og vefútgáfu orðaskrárinnar. Hefur Bjarnheiður Kristinsdóttir haft veg og vanda af að halda honum við.

Jafnframt heldur félagið úti póstlista (*Póstlisti Íslenska stærðfræðafélagsins* á [groups.google.com](https://groups.google.com)), síðu á snjaldurskinnu ([facebook.com/IslenkaStaerdfraedafelagid](https://facebook.com/IslenkaStaerdfraedafelagid)) og Twitter-síðu ([twitter.com/isstaef](https://twitter.com/isstaef)). Á þessum miðlum eru auglýstir fundir og aðrir viðburðir á vegum félagsins.

## Fjármál

Fjárhagsleg staða félagsins er alltraust í lok tímabilsins með eignir upp á 1.585 þús kr. Tekjur af félagsgjöldum voru alls 288.000 kr. (Sjá meðfylgjandi gögn.)

## Bókaverðlaun á stúdentsprófi

Líkt og áður verðlaunaði Íslenska stærðfræðafélagið nýstúdentana fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði á stúdentsprófi. Verðlaunin voru bókin *Síðasta setning Fermats* eftir Simon Singh. Verðlaunahafar voru 2015 voru alls 18 og jólin 2015 voru þeir alls 6 talsins.

Nánari upplýsingar um verðlaunahafana er að finna á heimasíðu félagsins [stae.is/isf](http://stae.is/isf).

## Stærðfræðikeppnir

Framkvæmdanefnd Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema skipa nú þau Auðun Sæmundsson, Bjarnheiður Kristinsdóttir, Friðrik Diego, Gunnar Freyr Stefánsson, Jóhanna Eggertsdóttir og Marteinn Þór Harðarson. Nefndin fundar að

jafnaði einu sinni í viku; semur keppisdæmi og heldur utan um þjálfun og annað skipulag tengt innlendum sem erlendum stærðfræðikeppnum.

Finnland var umsjónaraðili Norrænu stærðfræðikeppninnar vorið 2015. Guðbjörn Freyr Jónsson var tengiliður okkar vegna keppninnar en nefndin var honum innan handar við yfirferð úrlausna. Keppnin fór fram þann 24. mars 2014 og tóku 86 keppendur þátt. Að þessu sinni fengu 6 nemendur fullt hús stiga, 28 stig af 28 mögulegum stigum. Það voru þrír Svíar, einn Dani og tveir Íslendingar, þeir Garðar Andri Sigurðsson og Sigurður Jens Albertsson úr MR. Þar með bættist í hóp Íslendinga sem náð hafa fyrsta sæti í Norrænu stærðfræðikeppninni en áður höfðu fyrrnefndur Sigurður Jens árið 2014, Marteinn Þór Harðarson árið 1999, Bjarni V. Halldórsson árið 1993 og Geir Agnarsson árið 1987 náð þessum árangri.

Ólympíulið Íslands í stærðfræði sumarið 2015 skipuðu þeir Atli Fannar Franklín og Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson úr MA og Dagur Tómas Ásgeirsson, Elvar Wang Atlason, Garðar Andri Sigurðsson og Hjalti Þór Ísleifsson úr MR. Þeir fóru til Cihang Mai í Tælandi með Jóhönnu Eggertsdóttur fararstjóra. Marteinn Þór Harðarson var dómnefndarfulltrúi fyrir Íslands hönd. Alls tóku 577 nemendur frá 104 löndum þátt í keppninni. Á úrslitakvöldinu voru afhent 39 gullverðlaun, 100 silfurverðlaun, 143 bronsverðlaun og 126 heiðursviðurkenningar. Þeir Dagur Tómas Ásgeirsson, Garðar Andri Sigurðsson og Hjalti Þór Ísleifsson fengu heiðursviðurkenningar fyrir að klára hver sitt dæmið fullkomlega.

Forkeppni stærðfræðikeppni framhaldsskólanema fór fram þann 6. október 2015 og voru þátttakendur 165 á neðra stigi og 154 á efra stigi frá alls 20 skólum. Efstu nemendur á báðum stigum, alls um 45 nemendur fengu þátttökurétt í lokakeppninni. Efstir á neðra stigi urðu Sindri Unnsteinsson MA, Þorsteinn Ívar Albertsson MR og Magnús Konráð Sigurðsson MR. Efstir á efra stigi voru ólympíuliðsfélagarnir Hjalti Þór Ísleifsson, Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson og Dagur Tómas Ásgeirsson.

Lið Íslands í Eyrstrasaltskeppninni í Stokkhólmi í Svíþjóð 5.-9. nóvember skipuðu þau Dagur Tómas Ásgeirsson, Stefanía Katrín Finnsdóttir, Hjalti Þór Ísleifsson, Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson og Sindri Unnsteinsson. Fararstjórar og þjálfarar voru Marteinn Þór Harðarson og Pawel Bartoszek. Lið Íslands hafnaði í 11. sæti með 37 stig en efstir voru Rússar með 83 stig.

Lokakeppni stærðfræðikeppni framhaldsskólanema veturinn 2015–2016 var haldin laugardaginn 5. mars. Til keppni mættu þrjátíu og fjórir nemendur og var Hjalti Þór Ísleifsson í fyrsta sæti með 54 stig en þeir Dagur Tómas Ásgeirsson og Atli Fannar Franklín voru hnífjafnir að stigum í þriðja sæti með 50 stig.

Þeim 17 efstu í lokakeppninni var boðin þátttaka í Norrænu stærðfræðikeppninni fyrir Íslands hönd. Alls tóku 85 keppendur af öllum Norðurlöndunum þátt í þeirri keppni. Nemandi frá Svíþjóð hafnaði í fyrsta sæti með 28 stig af 28 mögulegum. Efstur íslensku keppendanna var Hjalti Þór Ísleifsson í fimmta sæti með 20 stig.

Ólympíulið Íslands í stærðfræði sumarið 2016 skipa þau Atli Fannar Franklín úr MA, Álfheiður Edda Sigurðardóttir, Elvar Wang Atlason, Guðjón Helgi Auðunsson, Hannes Kristinn Árnason og Martha Guðrún Bjarnadóttir úr MR. Þau munu æfa fyrir keppni í Hong Kong í sumar og munu m.a. taka þátt í æfingabúðum í Danmörku skömmu fyrir keppnina í júlí.

## Félagatal og umsóknir um aðild

Eins og áður er getið eru alls 270 félagar í Íslenska stærðfræðafélaginu. Frá síðasta aðalfundi hafa 9 sótt um aðild að félaginu og mælir stjórnin með því að aðalfundur samþykki inngöngu þeirra í félagið:

Arnbjörg Soffía Árnadóttir, B.S. í stærðfræði frá Háskóla Íslands.

Áslaug Haraldsdóttir, B.S. í stærðfræði frá Háskóla Íslands.

Bjarki Geir Benediktsson B.S. í stærðfræði frá Háskóla Íslands og M.S. í stærðfræðifræði frá Leeds-háskóla.

Jóhann Haraldsson B.S. í stærðfræði frá Háskóla Íslands.

Jón Áskell Þorbjarnarson, B.S. í stærðfræði frá Háskóla Íslands.

Ottó Hólm Reynisson, B.S. í stærðfræði frá Háskóla Íslands.

Skúli Guðmundsson, B.S. í stærðfræði og eðlisfræði frá Háskóla Íslands og doktorspróf í kennilegri öreindafræði frá Fórída-háskóla.

Unnur E. Hafstað Ármannsdóttir, B.S. í stærðfræði frá Háskólanum í Reykjavík og M.S. í verkfræði frá DTU.

Þorsteinn Hjörtur Jónsson, B.S. í stærðfræði frá Háskóla Íslands.

Ögmundur Eiríksson, BS-próf frá Háskóla Íslands og MS-próf frá Háskólanum í Bonn.

## Alþjóðasamskipti

Félagið er aðili að Evrópska stærðfræðifélaginu og Alþjóðasambandi stærðfræðinga og greiðir gjöld til þeirra.

Fyrir þremur árum ákvað Rannís að greiða framlag Íslands til Mittag-Leffler stofnunarinnar í Stokkhólmi líkt og rannsóknaráð hinna Norðurlandanna gera fyrir þau. Framlagið var jafnframt tvöfaldað og er það nú 4.500 evrur. Stærðfræðafélagið heldur samt áfram að skipa fulltrúa Íslands í stjórn stofnunarinnar. Núverandi fulltrúi er Ragnar Sigurðsson, en tímabil hans er á enda 1. júlí í sumar.

Kristín Bjarnadóttir er fulltrúi félagsins í International Commission on Mathematical Instruction.

Á síðasta aðalfundi var Sigurður Örn Stefánsson gerður að fulltrúa félagsins í ritstjórn stærðfræðitímaritsins Nordmat (Nordisk matematisk tidsskrift) og gert er ráð fyrir að hann sitji þar áfram.

## Tímarit og fréttabréf

Útgáfustarfsemi félagsins hefur verið með daufasta móti þetta árið (sem og árin á undan). Ekki hefur enn tekist að endurreisa hið gamalkunna fréttabréf félagsins þó hugmyndir hafi komið fram um vefútgáfu þess. Engar bækur hafa heldur verið gefnar út á vegum félagsins undanfarin ár. Félagið er aðili að útgáfu RAUST, tímarits um raunvísindi og stærðfræði, en það virðist hafa lagst til hinstu hvíldar. Fulltrúi félagsins í ritstjórn tímaritsins er Stefán Ingi Valdimarsson.

Fyrir hönd stjórnar,  
Jón Ingólfur Magnússon